

6. gr.

204

Flugvallastjóri setur nánari reglur um framkomu og hegðun starfsmanna flugmálastjórnarinnar, þegar þeir bera einkennisbúning.

7. gr.

Starfsmenn fá ein ný einkennisföt og húfu til afnota, ókeypis, allt að einu sinni á ári. Yfirhöfn á tveggja ára fresti. Annað búningnum tilheyrandi, svo sem skyrtur, skó o. þ. h. skal starfsmaður kaupa sjálfur.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. október 1952.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

205

um breyting á reglugerð nr. 96/1950 um breyting á reglum um starfrækslu og starfsmenn landssímans.

17. okt.

1. gr.

Aftan við a-lið 1. gr. komi ný setning, svohljóðandi:

Þó skal hinn reglulegi starfstími þeirra, sem annast gæzlu í veljarasal sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík og á Akureyri, vera innan tímabilsins kl. 0800—1800, og gildir það frá 1. janúar 1951.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Póst- og simamálaráðherrann, 17. október 1952.

Björn Ólafsson.

G. Briem.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Önnu Ingibjargar Eyjólfsdóttur og Eriks Alfreds Johanson frá Flateyri“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 17. október 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Önnu Ingibjargar Eyjólfsdóttur og Eriks Alfreds Johanson frá Flateyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Menningarsjóður Önnu og Alfreds.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Önnu Ingibjörgu Eyjólfsdóttur og Erik Alfred Johanson, Flateyri, með erfðaskrá undirritaðri 27. september 1948.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er andvirði eigna þeirra kr. 93 940.29.
Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í íslenskum ríkisskuldabréfum eða í Landsbanka Íslands.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100 000.00, má veita úr honum styrki, er nemi allt að $\frac{3}{4}$ ársvaxta. Þegar sjóðurinn hefur náð kr. 150 000.00, má veita úr honum styrki, er nemi allt að sömu upphæð og vaxtatekjur sjóðsins. Falli styrkveiting niður eitthvert ár má næsta ár á eftir veita styrki, er nemi allt að $1\frac{1}{2}$ ársvöxtum.

Sá hluti vaxtanna, sem ekki er veittur sem styrkur, skal leggjast við höfuðstól.

6. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja til fullnaðarnáms unga, reglusama og efnilega húsgagnasmiði, er lokið hafa sveinsprófi og ætla að gera þá iðn að ævistarfi. Einnig ungar stúlkur, er vilja fullnuma sig í vefnaði.

Styrkir veitast aðeins Önfirðingum og miðast við það, að styrkþegi stundi nám við „Svenska Hantverks Institutén“ í Stokkhólmi og að því námi loknu minnst eitt ár í sömu iðn við sænskt iðnfyrirtæki.

7. gr.

Styrkur má nema allt að náms- og dvalarkostnaði svo og ferðakostnaði.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum: Elzta syni Jóns Eyjólfssonar á Flateyri og síðan afkomendum hans. Skal hann vera formaður sjóðstjórnar. Annar sé tilnefndur af Landssambandi íslenskra iðnaðarmanna og hinn þriðji af atvinnu- málaráðherra.

Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, varðveita eignir hans og úthluta styrkjum.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal árlega senda sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 18. apríl 1952.

F. h. dánarbúsins.

Jóh. Gunnar Ólafsson.

(L. S.)